

## Sparisjóðurinn í Keflavík

Tilkynning vegna ársuppgjörs 2008

### Fréttatilkynning

#### Rekstrarárið 2008

Afkoma Sparisjóðsins í Keflavík var neikvæð um 17.042 m.kr. að teknu tilliti til tekjuskatts. Eiginfjárlutfall Sparisjóðsins er 7,06%. Afkoma Sparisjóðsins fyrir skatta var neikvæð um 19.064 m.kr. Tap Sparisjóðsins má fyrst og fremst rekja til eignarýrnunar vegna efnahagshrunsins og varúðarniðurfærslu á útistandandi kröfum. Að teknu tilliti til sértækra aðgerða og væntanlegs framlags ríkissjóðs samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 125/2008 (Neyðarlög) gera áætlanir ráð fyrir því að í lok apríl verði eiginfjárlutfall sjóðsins komið í 13,83%.

#### Eiginfjárlutfall sparisjóðsins

Útlánaskoðun Fjármálaeftirlisins hjá Sparisjóðnum í Keflavík fyrri hluta marsmánaðar leiddi til enn frekari niðurfærslu á útlánaeignum en drög að ársuppgjöri höfðu gert ráð fyrir. Við reikningskilin um áramót hefur að fullu verið tekið tillit til þeirra ábendinga sem þýðir að í ársreikningi er eiginfjárlutfall (CAD) Sparisjóðsins í Keflavík 7,06%, eins og það er skilgreint í 84. gr. laga nr. 161/2002.

Í ljósi þess að eiginfjárgrunnur Sparisjóðsins í Keflavík var samkvæmt þessu kominn undir hið lögboðna 8% hlutfall, hefur stjórn Sparisjóðsins þegar gripið til aðgerða þ.m.t. sent Fjármálaeftirlitinu greinagerð um hvaða ráðstafana verður gripið til. Vinna hefur verið lögð í að laga gjaldeyrisjöfnuð Sparisjóðsins, en með setningu reglugerðar 1130 frá 15. desember 2008 voru afleiðuviðskipti þar sem króna er í samningi gagnvart erlendum gjaldmiðlum óheimil. Afleiðing af þessari lagasetningu var að gjaldeyrisjöfnuður varð ójafn.

Aðgerðir til að bæta eiginfjárlutfallið hafa snúist um að færa útlán á milli gjaldmiðla og hefur töluverður ávinningur náðst nú þegar sem hefur beint áhrif á eiginfjárlutfall Sparisjóðsins. Við þessar breytingar eykst eiginfjárlutfallið um 0,92% og verður 7,98%. Sparisjóðurinn hefur einnig fengið vilyrði fyrir víkjandi láni að fjárhæð 350 milljónir sem styrkir eiginfjárgrunn sjóðsins. Þessar aðgerðir munu laga eiginfjárlutfallið sem nemur 0,38% sem þýðir að Sparisjóðurinn nær þá 8,36% eiginfjárlutfalli. Þessu til viðbótar hefur stjórn Sparisjóðsins í Keflavík sótt um aðstoð frá ríkinu byggt á neyðarlögunum nr. 125/2008 sem sett voru í október 2008. Til viðbótar við aðgerðir stjórnar myndi eiginfjárlutfall Sparisjóðsins lagast sem nemur 5,47% ef þessi aðstoð gengi eftir, og verða 13,83%.

Gripið hefur verið til verulegra aðhaldsaðgerða í rekstri og m.a. hafa æðstu stjórnendur og verulegur hluti starfsmanna gefið eftir hluta launa sinna. Þá hefur störfum fækkað sem nemur 22 stöðugildum á síðastliðnum 12 mánuðum. Gengið verður enn lengra í aðhaldsaðgerðum á næstunni.

### Helstu niðurstöður úr rekstar- og efnahagsreikningi:

- Afkoma Sparisjóðsins í Keflavík fyrir árið 2008 var neikvæð um 19.064 m.kr. fyrir skatta samanbórið við 2.234 hagnað árið 2007. Tap eftir skatta nam 17.042 m.kr. samanbórið við 1.890 m.kr. hagnað árið 2007
- Hreinar vaxtatekjur námu 552,6 m.kr. og jukust um 8,6% frá fyrra ári. Hreinar þjónustutekjur námu 436 m.kr. samanbórið við 414,9 m.kr. árið 2007.
- Hreint rekstartap nam 9.903 m.kr. samanbórið við tekjur að fjárhæð 3.904 m.kr. árið 2007. Rekstrargjöld námu 2.396 m.kr. á árinu 2008 samanbórið við 1.506 m.kr. árið 2007.
- Útlán til viðskiptamanna námu 84.479 m.kr. í lok árs 2008 samanbórið við 62.369 m.kr. í lok árs 2007. Vaxtamunur tímabilsins var 0,6% samanbórið við 1,2% á árinu 2007. Heildareignir námu 98.012 m.kr. og höfðu aukist um 4,24% á milli ára.
- Virðisrýrnun nam 6.764 m.kr. á árinu 2008 í samanburði við 164 m.kr. árið 2007. Afskriftarreikningur lána og krafna nam í árslok 2008 7,5% af útlánunum og veittum ábyrgðum en var 1,6% í árslok 2007.
- Eigið fé í árslok nam 5.409 m.kr. og hefur dregist saman um 20.052 m.kr. milli ára. Eiginfjárhlutfall Sparisjóðsins í Keflavík er 7,06%.

### Rekstrarreikningur

Í milljónum króna	2008	2007
<b>Hreinar vaxtatekjur</b>	553	509
<b>Hreinar þjónustutekjur</b>	436	415
<b>Arðstekjur</b>	242	312
<b>Hreinar tekjur/(gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum</b>	-13.013	4.879
<b>Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélag</b>	-4.600	-2.080
<b>Innleyst tap af fjáreignum til sölu</b>	-94	-6
<b>Gengismunur</b>	6.479	-186
<b>Aðrar tekjur</b>	93	62
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>	-9.903	3.904
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	-2.344	-1.475
<b>Afskriftir</b>	-52	-32
<b>Virðisrýmun útlána</b>	-6.764	-164
<b>Hagnaður (tap) fyrir skatta</b>	-19.064	2.234
<b>Tekjuskattur</b>	2.022	-344
<b>Hagnaður (Tap) tímabilsins</b>	-17.042	1.890

## Efnahagsreikningur

### Eignir

Í milljónum króna	2008	2007
Sjóður og innistæður í fjármálafyrirtækjum	1.206	4.874
Kröfur á fjármálafyrirtæki	195	946
Útlán og kröfur	84.479	62.370
Veltufjáreignir	4.633	7.563
Aðrar fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur	2.271	11.821
Fjáreignir til sölu	354	514
Hlutdeildar- og sameignarfélög	496	1.938
Óefnislegar eignir	155	175
Rekstrarfjármunir	3.217	2.982
Fastafjármunir til sölu	510	398
Skatteign	305	0
Aðrar eignir	190	450
<b>Eignir samtals</b>	<b>98.012</b>	<b>94.029</b>

### Skuldir og eigið fé

Í milljónum króna	2008	2007
Skuldir við fjármálafyrirtæki	10.520	3.156
Almenn innlán	54.693	38.912
Lántaka	22.228	18.209
Vikjandi lán	2.697	2.434
Lífeyrisskuldbinding	355	1.961
Skattskuld	0,1	1.711
Aðrar skuldir	2.110	2.186
<b>Skuldir samtals</b>	<b>92.603</b>	<b>68.568</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>5.409</b>	<b>25.461</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>98.012</b>	<b>94.029</b>

## Afkoma grunnrekstrar

### Grunnrekstur Sparisjóðsins á árinu 2008

Í milljónum króna	2008
Hreinar Vaxtatekjur	3.545
Hreinar þjónustutekjur	400
Aðrar tekjur	6.679
Rekstrargjöld	-2.318
Virðisrýmun útlána	-6.764
Hagnaður fyrir skatta	1.542
Tekjuskattur	-172
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>1.370</b>

sjá nánar í starfsþáttayfirliti í skýringu 5 með árshlutareikningi

## Lausafjárstaða og fjármögnun

Samningur milli sparisjóðsins og Íbúðalánasjóðs var undirritaður í mars um að sparisjóðurinn selji Íbúðalánasjóði safn skuldabréfa, að fjárhæð um 10 milljarðar króna, tryggt með veði í íbúðarhúsnæði í samræmi við heimild til slíkra kaupa skv. lögum nr. 125/2008, reglugerð nr. 1081/2008 og reglur Íbúðalánasjóðs um kaup á skuldabréfum fjármálafyrirtækja. Íbúðalánasjóður greiddi 80% af uppreiknuðu virði safnsins og eftirstöðvarnar, eða 20%, er krafa sparisjóðsins á Íbúðalánasjóð sem kemur til með að verða gerð upp að 8 árum liðnum.

Samningar hafa náðst við erlenda lánadrottna en sparisjóðurinn skuldar nú tvö erlend sambankalán að fjárhæð 49 milljónir evra. Gjaldlagi var á öðru láninu þann 27. mars og náðist samkomulag um að greiða hluta lánsins á gjalddaganum og framlengja hluta. Næsti stóri gjalddagi á erlendu láni er í maí 2010.

Ljóst er að fjármögnun sparisjóða verður að mestu í formi innlána næstu misserin. Skuldabréfamarkaður með bankabréf er ekki lengur fyrir hendi né millibankamarkaður með lán. Sparisjóðurinn í Keflavík hefur á síðastliðnum 10 mánuðum greitt um 15 milljarða króna af sínum skuldum til erlendra og innlendra fjármálastofnanna.

Eins og áður sagði þá hefur stjórn Sparisjóðsins í Keflavík sótt um aðstoð frá ríkinu byggt á neyðarlögunum nr. 125/2008 sem sett voru í október 2008. Til viðbótar við aðgerðir stjórnar myndi eiginfjárhlutfall Sparisjóðsins lagast sem nemur 5,47% ef þessi aðstoð gengi eftir og verða 13,83%. Framlagið er um 5 milljarðar króna og styrkir lausafjárstöðuna.

## Horfur

Mikil óvissa er um þróun og horfur á næstu misserum. Því er erfitt að spá fyrir um það með vissu hversu hátt eiginfjárhlutfall er nauðsynlegt hjá fjármálafyrirtæki til að mæta þeim erfiðleikum sem framundan eru í íslensku efnahagslífi. Sparisjóðurinn verður að teljast frekar vel í stakk búinn að því leyti. Sparisjóðurinn í Keflavík er öflug stofnun með sterka markaðshlutdeild á Suðurnesjum, Vestfjörðum, Snæfellsnesi og í Húnaþingi. Mikill fjöldi einstaklinga skiptir við sjóðinn, en eignarhaldsfélög og stærri fyrirtæki eru í mjög litlum mæli í viðskiptamannahópnum. Mikil dreifing og fjölbreytni í hópi viðskiptamanna verður að teljast jákvæð á komandi misserum.

Áætlanir sparisjóðsins taka mið af þeim erfiðu aðstæðum sem framundan eru. Sjóðurinn stóð sterkum fótum áður en áföll dundu yfir í október og hann á því eftir talsverðan hluta eigin fjár síns og starfsemi hans hefur verið ótrufluð að mestu. Stjórn sjóðsins telur því að áætlanir séu bæði trúverðugar og líklegar til þess árangurs að geta haldið áfram þeirri starfsemi sem verið hefur til heilla fyrir viðskiptavinum vítt og breitt um landið.

Nánari upplýsingar veitir Geirmundur Kristinsson, sparisjóðsstjóri, í síma 421-6605.